



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 16. desember 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:00.

Mætt voru: Haukur Arnþórsson, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Gunnar Smári Egilsson, Viggó K. Jóhannsson og Ester Bíbí Ásgeirsdóttir. Laufey Ólafsdóttir, Jóhann Helgi Heiðdal og Rán Reynisdóttir voru með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Hún hefur ekki verið samþykkt.

2. Aðgerðaáætlun miðað við kosningar í maí 2021

Tímalína aðgerða og áherslur á hverjum tíma fram að kosningum skoðuð og rædd. Hugmynd kom fram um að framleiða plaköt með merki flokksins til að setja í glugga.

3. Aðventufundur á Þorra

Tillaga málefnaþjórnar um að halda fundinn laugardaginn 18. janúar er samþykkt. Neðangreind efni er fyrirhugað að ræða þá.

a. Framboðsyfirlýsing

b. Málefnaefndir: Húsnæði, auðlindir o.fl.

c. Öryrkjaráð, verkalýðsráð, innflytjendaráð, meistaradeild, Ungir sósíalistar, Sósíalískir femínistar o.s.frv.

4. Fjölgun félaga

Samþykkt að undirbúa úthringikvöld í janúar.

5. Leigjendasamtökin og önnur hagsmunabarátta

Ítrekað að Leigjendasamtökin komist almennilega í gang og rætt um hugsanlegt framboð til stjórnar Félags eldri borgara.

6. Maístjarnan / Jólamarkaður?

Ákvörðun um jólamarkað hefur ekki verið tekin enn.

7. Fjármál

Frestað, gjaldkeri ekki viðstaddur.

8. Önnur mál

Engin önnur mál.